

(Nafn þátttakanda)

Yfirlit yfir námsefni

Tónlist og trix

Fjölmennt - (önn og ártal)


Kennari: Helle Kristensen

Markmið námskeiðsins voru:

- Að læra nýja hluti um lög sem þú þekkir
- Að njóta þess að spila á hljóðfæri með öðrum
- Að læra að segja það sem þú veist um tónlist
- Að geta notað iPadinn og samtalsmottuna til að velja og segja þína skoðun
- Að njóta tónlistar með starfsfólkinu þínu heima



Þitt markmið - þú sagðir þetta í upphafi námskeiðsins:



(Sagt frá því sem fram kom í samtali kennara og þátttakanda um markmið í upphafi annar)



Þetta gerðum við:

Við fræddumst um lög sem komu fyrir í sjónvarpsþáttunum „Verbúðin“.

Þú valdir lög sem við hlustuðum á saman sem tengdust fræðslunni.

Við spiluðum saman á hljóðfæri lög sem tengdust fræðslunni.



Seinna meir




Lagið er í 1. þætti Verbúðarinnar. Það er eftir Jóhann Helgason og hljómsveitin Start spilaði það fyrst.

Þú valdir að hlusta á lagið „**Söknuður**“ sem er líka eftir Jóhann Helgason.

Við spiluðum saman lagið „Seinna meir“ á hljóðfæri.

Mescalín



Lagið er í 2. þætti Verbúðarinnar. Það er eftir Bubba Morthens sem hefur meðal annars spilað það með hljómsveitinni Dimma.

Þú valdir að hlusta á lagið „**Almyrkvi**“ sem er líka með hljómsveitinni Dimma.

Við spiluðum saman Bubba-lagið „**Mýrdalssandur**“ á hljóðfæri.

Hólmfríður Júlíusdóttir



Lagið er í 3. þætti Verbúðarinnar. Það er með hljómsveitinni Ný dönsk.

Þú valdir að hlusta á lagið „**Hjálpaðu mér upp**“ sem er líka með Ný dönsk.

Við spiluðum saman lagið „Hólmfríður Júlíusdóttir“ á hljóðfæri.

Gleðibankinn



Lagið er í 4. þætti Verbúðarinnar. Það var fyrsta íslenska Eurovision-lagið.

Þú valdir að hlusta á lagið „**Þú og þeir (Sókrates)**“ sem er líka íslenskt Eurovision-lag.

Við spiluðum saman lagið „Gleðibankinn“ á hljóðfæri.



Þetta gerðum við:

<p>Traustur vinur</p> 	<p>Lagið er í 5. þætti Verbúðarinnar. Það er eftir Jóhann G. Jóhannsson og hljómsveitin Upplyfting spilaði það fyrst.</p> <p>Þú valdir að hlusta á lagið „Ég er sko vinnur þinn“ með Rúnari Júlíussyni en það fjallar líka um vináttu.</p> <p>Við spiluðum saman lagið „Traustur vinur“ á hljóðfæri.</p>
<p>Bjór</p> 	<p>Lagið er í 6. þætti Verbúðarinnar. Það var sungið af hljómsveitinni Fræbbblarnir. Í þættinum var fólk að dansa við lagið.</p> <p>Þú valdir að hlusta á lagið „Æskuminning“ sem er líka með Fræbbblunum.</p> <p>Við spiluðum saman lagið „Út á gólfíð“ eftir Gylfa Ægisson á hljóðfæri en það fjallar líka um að dansa.</p>
<p>Töfrar / Þorparinn</p> 	<p>Lögin eru í 7. þætti Verbúðarinnar. Hljómsveitin Silfurtónar sungu lagið „Töfrar“ en Pálmi Gunnarsson hefur sungið lagið Þorparinn.</p> <p>Þú valdir að hlusta á lagið „Þitt fyrsta bros“ sem er líka með Pálma Gunnarssyni.</p> <p>Við spiluðum saman lagið „Hvers vegna varst' ekki kyrr“ með Pálma Gunnarssyni á hljóðfæri.</p>
<p>Rósín / Fráskilin að vestan</p> 	<p>Lögin eru í 8. þætti Verbúðarinnar. Margir karlakórar hafa sungið lagið „Rósín“ og einnig Álftagerðisbræður og Björgin Halldórsson. „Fráskilin að vestan“ er ekta sveiflu-lag.</p> <p>Við spiluðum saman lagið „Fráskilin að vestan“ á hljóðfæri.</p>
<p>Dagbókarfærslur</p> 	<p>Þú og starfsfólkið þitt skrifuðu dagbókarfærslur í Notes í iPadnum um það sem við gerðum í tímunum.</p> <p>Við notuðum færslurnar til að rifja upp í hverri viku.</p> <p>Þú getur einnig notað færslurnar til að rifja upp heima.</p>